



Borgarráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna framkvæmda við Kringlumýrarbraut - Tilvísun í mál R19010426

Á fundi borgarráðs 31. janúar 2019 var svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins lögð fram:

"Óskað er eftir upplýsingum um kostnað vegna framkvæmda við Kringlumýrarbraut, vegg og stíga. Óskað er eftir upplýsingum um kostnað við hlaðna vegg í járngrindarbúrum á milli Miklubrautar og Tunguvegar. Sjá má hluta veggjanna frá horni Tunguvegar og Ásenda, vinna við þetta hefur staðið mánuðum saman. Líkur eru á að lagt hafi verið í óþarfa kostnað við framkvæmdir tengdar gangandi vegfarendum við Miklubraut. Hlaðnir veggir í járngrindarbúrum eru líklega dýrari en veggir úr jarðvegi og steinsteypu. Það þarf að réttlæta það sérstaklega ef farið er í dýrari framkvæmd en nauðsynleg er. Óskað er eftir viðbrögðum við þeirri fullyrðingu að ódýrara og fljótlegra hefði verið að steypa veggina."

Svör:

Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna framkvæmda við Kringlumýrarbraut er áætlaður að verði um 270 mkr. Hluti Reykjavíkur felst í lagningu á nýjum göngu- og hjólastíg ásamt hljóðvistaraðgerðum vestan Kringlumýrarbrautar milli Miklubrautar og Bústaðavegar.

Lengd á nýjum göngu- og hjólastíg er um 600 m og breidd hans er 5 m. Hljóðvistaraðgerðir (veggur) eru á um 500 m löngum kafla.

Veitur ohf kosta endurnýjun á lögnum hitaveitu og vatnsveitu og Vegagerðin greiðir u.þ.b. 50 % kostnaðar við nýjan hjólastíg. Veitur ohf fara með forræði verksins og hafa með því yfirumsjón f.h. allra verkkaupa. Framkvæmdir hófust í júlí 2018 og er áætlað að þeim ljúki í ágúst 2019.

Kostnaður við "hlaðna vegg í járngrindarbúrum" milli Miklubrautar og Tunguvegar er um 6 mkr. skv. tilboði verktaka. Lengd veggs er 72 m.

Gerð veggisins úr grjótgrindum og timbri er samkvæmt útfærslu í samþykktu skipulagi.

Ekki er talið að steypur veggur hefði verið ódýrari né fljótlegri í framkvæmd.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

